

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hallgríms Dalbergs hdl., kr. 600,00.

Ákærð Sigurbjörg Magnúsdóttir skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. október 1954.

Kærumálið nr. 18/1954:

Ís h/f

gegn

Ingólfi G. S. Espholín

og

Steingrími Árnasyni.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Lárusson.

Um heimild vitnis til að staðfesta framburð sinn.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur kært til Hæstaréttar úrskurð, upp kveðinn í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur 21. september þ. á. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að vitninu Steingrími Árnasyni verði heimilað að staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti. Svo krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja Ingólfs G. S. Espholíns eftir mati dómsins.

Varnaraðili Ingólfur G. S. Espholín krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili Steingrímur Árnason hefur hvorki sent greinargerð né kröfur í málinu.

Sóknaraðili hefur ekki andmælt því, að samningur vitnisins Steingríms Árnasonar við Ingólf G. S. Espholín sé sama

efnis og samningur sóknaraðilja við Ingólf, sem málið milli þeirra er risið af. Því er ekki heldur andmælt af sóknaraðilja, að vitnið Steingrímur telji sig eiga háa fjárkröfu á hendur Ingólfi af sams konar ástæðu og sóknaraðili telur til skuldar á hendur Ingólfi. Þegar á þetta er litið, verður að telja vitnið Steingrím Árnason hafa svo ríkra hagsmuna að gæta um úrlausn sams konar málsefnis, að ekki sé rétt, að það staðfesti vætti sitt með eiði eða drengskaparheiti, sbr. 1. tölu-lið 2. mgr. 127. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja Ingólfi G. S. Espholín kærumálskostnað, kr. 300,00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ís h/f, greiði varnaraðilja Ingólfi G. S. Espholín kærumálskostnað, kr. 300,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 21. sept. 1954.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 18. þ. m., hefur Ís h/f í Kópavogi höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 18. marz sl., gegn Ingólfi G. S. Espholín, Höfða hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 522.930,37, auk 6% ársvaxta frá 4. febrúar 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Mál þetta snýst um fiskviðskipti milli aðiljanna, er hófust á árinu 1951. Greinir aðiljana á um, hvernig viðskiptum þessum var háttað. Heldur stefnandi því fram, að hann hafi selt stefnda fiskinn fyrir fast verð, en stefndi telur sig hafa tekið fiskinn af stefnanda í umboðssölu.

Hinn 16. þ. m. kom Steingrímur Árnason, Nýlendugötu 24 B, fyrir dóm sem vitni í málinu. Hefur vitni þetta borið það, að seint á árinu 1951 hafi það samið við stefnda um sölu á hraðfrystri lúðu. Skyldi lúðan greidd með föstu verði, kr. 10,14 pr. kíló að frá dregnu útflutningsgjaldi, vörugjaldi, útskipunar- og lestargjaldi, og afhent, strax og hún væri tilbúin til afgreiðslu, og greiðast við móttöku. Í sama skipti hafi sams konar samningur komizt á um lúðuviðskipti

milli Árna Böðvarssonar og stefnda. Þá segir vitnið, að samizt hafi milli þess og stefnda um kaup á öðrum hraðfrystum fisktegundum. Stefndi hafi átt að útvega og greiða allar umbúðir um fiskinn, og hann hafi lofað að greiða fiskinn við móttöku. Auk hagnaðar þess, sem stefndi hafði af sölunni, skyldi hann fá 1% af fob.-verði fiskisins. Vitnið kveður, að fljótlega hafi slitnað upp úr viðskiptum þess og stefnda, vegna þess að stefndi hafi ekki staðið við gerða samninga. Vitni þetta ber það, að á sama tíma og viðskipti milli þess og stefnda fóru fram hafi stefndi keypt hraðfrystan fisk af Ís h/f, og sé því kunnugt um, að samningar þeirra á milli um fiskkaupin hafi verið sama efnis og samningar milli þess og stefnda. Telur vitnið sig hafa ráðið þetta af viðræðum stefnda og Árna Böðvarssonar um fiskviðskipti, en það hafi iðulega verið viðstatt þær viðræður.

Lögmaður stefnda mótmælti framburði vitnisins sem röngum og óstaðfestum, og krafðist þá lögmaður stefnanda, að vitnið staðfesti framburðinn með eiði. Lögmaður stefnda mótmælti því þá, að vitnið yrði eiðfest, og lögðu lögmenn aðilja atriðið undir úrskurð.

Lögmaður stefnda reisir mótmæli sín gegn eiðfestingu vitnisins á því, að það hafi svo mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við úrslit aðalmálsins, að það nálgist það, að það sé aðili þess.

Framburður vitnisins, sem rakinn hefur verið hér að framan, varðar mjög samninga og viðskipti vitnisins og stefnda. Við vitnaleiðsluna kom fram, að vitnið og stefnda greindi mjög á um, hvernig viðskiptunum milli þeirra hafði verið háttað, svo og það, að þau viðskipti eru ekki útkljáð og vitnið taldi sig eiga fjárkröfu á hendur stefnda í sambandi við þau.

Að þessu athuguðu þykir sýnt, að framburður vitnisins varði hagsmuni þess sjálfs svo verulega, að varhugavert þykir að leyfa því að staðfesta framburðinn, og verða því mótmæli lögmanns stefnda gegn eiðfestingunni tekin til greina.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þennan.

Ályktun:

Vitninu, Steingrími Árnasyni, verður eigi leyft að staðfesta framangreindan framburð sinn.